

## MENNING

# Nýr valkostur í borgarmenningu

Pórður Ben Sveinsson opnaði sýningu á borgarskipulags-hugmyndum sínum í Listasafni Reykjavíkur í fyrrakvöld. Inga María Leifsdóttir gekk með honum um sýninguna og ræddi ýmsa möguleika í skipulagi borgarinnar.

Fyrir tuttugu árum eða svo hélt myndlistarmaðurinn Pórður Ben Sveinsson sýningar í Reykjavík, sem eru mörgum enn minnisstæðar. Sýningarnar innihéldu nefnilega hugmyndir að breyttu borgarskipulagi, þar sem flugvallarsvæðinu í Vatnsmýrinni var breytt í fagra garða og forvitnileg hús. Mannlegri tilvist var gert hærra undir höfði en vélum og fartækjum í skipulaginu, sem fyrst og fremst tók tillit til aðstæðna og veðurfars hérlandis, en vísaði til menningar okkar og náttúru í útliti. Pórður Ben sýndi þessar hugmyndir sínar í þriggja árin 1981, 1984 og 1986 og skrifaði auk þess greinar í Lesbók Morgunblaðsins um málið. Eftir það lagði hann það til hliðar – en einugis í bili. Fyrir þremur árum hafði þróunarstofnun borgarinnar samband við Pórð, þar sem tekin hafði verið sú ákvörðun að flytja flugvöllinn í Vatnsmýrinni og skipuleggja svæðið upp á nýtt. Pórður lagðist yfir hugmyndir sínar að nýju, og sýnir nú í Listasafni Reykjavíkur nýjustu framþróunina í þeim á sýningu, sem ber heitið Borg náttúrunnar og var opnuð í gær.

## Borg náttúrunnar

Það sama er upp á teningnum nú og í fyrri hugmyndum Pórðar, þar er lögð áhersla á að borgin taki mið af íslenskrí náttúru og menningu. Byggingar eru úr gleri og náttúrusteini, götur eru yfirbyggðar og íslenskur sandur er lagður í yllstræti sem tengja borgina. Ýmis minni úr íslenskrí náttúru, hrauni, fjöllum og fossum sjást þar glögglega, í finlegum og margbreytilegum húsam. „Ég er þeirrar skoðunar að byggingarlist eigi að fara aftur til baka á gömlu ræturnar fyrir alþjóðlegu hagnýtsstefnunna, sem kom fram um 1950,“ segir Pórður þegar við göngum um sýninguna.

Staðsetning borgarinnar er sem fyrr í Vatnsmýrinni, römmuð inn af Suðurgötu, Hringbraut, Öskjuhlíð og ströndinni við Nauthólsvík. Pórður telur að í borg af þessu tagi ættu um 100.000 íbúar að geta búið, enda er lögð á það áhersla í skipulagi hennar að þar sé skammt að fara í alla hluti og bílar nánast óþarfir fyrir dagleg verkefni. Pórður ber saman kort af Amsterdam og Reykjavík á sýningunni því til staðfestingar að þetta sé hægt. „Í miðborg Amsterdam búa 750.000 íbúar,“ útskýrir Pórður. „Að stærð er hún fjórir sinnum þrjú og hálfur kílómetri, og borgin er hvergi þröng. Ef Reykjavík fylgdi sömu forskrift, þyrfti hún ekki að vera nema 700 metrar að breidd. Þannig að það væri hægt að skipuleggja Reykjavík allt öðruvísi, en þá þyrfti auðvitað að gera alveg radikall breytingar og taka upp allt annan hugsunarhátt.“

Borg Pórðar, Borg náttúrunnar, skiptist upp í margvísleg hverfi eftir því hvernig náttúran er á hverjum stað í Vatnsmýrinni. Þannig er að finna hverfi tjarna og sjkja, hraunhverfi, hverfi gilja og gjúfra, fjöruhverfi og þar fram eftir göt-



Morgunblaðið/Jim Smart

Pórður Ben Sveinsson: „Borgin er merkasta og áhrifaríkasta framlag menningar til sjálfrar sín.“

um, sem hvert og eitt tekur mið af aðstæðum í ytra útliti. „Þá nota ég til að mynda fjörusand og fjöru-steina í forgarðana í fjöruhverfinu,“ útskýrir hann.

## Nýr valkostur

Pórður segir hugmyndir sínar um Borg náttúrunnar langt frá því að vera fullmótaðar, hann sé „rétt að byrja á þessu mikla verkefni“ eins og hann orðar það sjálfur. En hver eru markmið hans með þessum pælingum – hvað hyggst hann fyrir? Svar Pórðar er að hann sé fyrst og fremst að bjóða annan valkost en hefur tíðkast hingað til í skipulagsmálum borgarinnar. „Reykjavík hefur orðið til undanfarnin fimm-tíu ár samkvæmt einu viðhorfi, einni stefnu, einni hugsun. Það eru engir valkostir,“ segir hann. „Þetta opnar fyrir nýjan valkost. Við erum að tala um aðra tegund af borg og aðra möguleika í þróun borgarmenningar á Íslandi, því það verður til önnur tegund af borgarlífi í svona borg. Þetta er borg sem þéttir, örvar og tengir, og er auðveld að búa í.“

Eitt af því sem Pórður finnur að við Reykjavík nútímans er mikil notkun bíla. „Það er eitt af því sem ég gagnrýni. Þú getur ekki hreyft þig í þessari borg án þess að hafa bíl. Skipulagið táknað að ef þú hefur ekki bíl ertu ekki með í menningunni. En hver segir að þú þurfir að eiga vini í Japan sem framleiða bíla? Það er skortur á lýðræði sem verður til með þessu,“ segir hann.

## Ekki útópískt

Það að hægt sé að koma öllum Reykvíkingum fyrir á Vatnsmýrarsvæðinu, þrátt fyrir vel útpælt borgarskipulag Pórðar, hljómar dálítið útópískt fyrir blaðamanni. En Pórður er því ósammála. „Ég myndi ekki segja það. Byggingarnar eru hugsaðar sem svörum við íslensku veðurfari, þannig að þær eru raunverulegar. Það er allt gert til þess að hægt sé að byggja borgina á hagkvæman hátt. Afar okkar og ömmur byggðu til að mynda borgir með öðrum hætti. Þannig að slík borg er möguleg, en auðvitað ekki með þeim aðferðum sem notaðar eru í dag, hvorki í byggingarlist né skipulagshugsun.“

Hann leggur á það áherslu að nauðsynlegt sé að hafa eitthvað í höndum þegar rætt sé um aðra valkosti í skipulagi borgarinnar, teikningar, skissur og rökstuðning, og les upp valda setningu sem kemur fyrir á sýningunni og lýsir pælingum hans kannski sérstaklega vel: „Borgin er merkasta og áhrifaríkasta framlag menningar til sjálfrar sín.“

En telur Pórður að hugmyndir hans muni ganga í gegn? „Ja, þetta svæði myndi byggjast af mörgum kynslóðum. Ég vona að alla þá sem langar í aðra tegund af borgarlífmenningu en tíðkast hér og víðar – þar sem lögð er áhersla á að dreifa byggðinni sem mest og bíllinn er í aðalhlutverki – að þeim verði boðnir aðrir valkostir. Í raun

finnst mér þetta svæði tilheyrja komandi kynslóðum. Við verðum að skoða hvað við gerum fyrir börnin okkar og hvaða stöðu við setjum þau í. Síðasti möguleiki á valkosti fyrir komandi kynslóðir í þróun borgarlífmenningar stendur fyrir dyrum, og ég tel það mjög stórt mál.“

Sýning Pórðar verður opin til 27. febrúar.

ingamaria@mbl.is

## Sinfónían leikur undir hjá Domingo



Plácido Domingo komandi. Það er athafnafólkið Þóra Guðmundsdóttir og Þorsteinn Kragh sem stendur að tónleikum en þau hafa undanfarnin 2 ár unnið að því að fá Domingo hingað til lands.

Plácido Domingo er óumdeilanlega einn af þeim stóru í heimi sönglistarinnar. Á ferli sínum hefur hann túlkað 119 hlutverk úr heimi óperubókmenntanna, enginn annar söngvari getur státað af svo miklum fjölda. Hvort sem höfundurinn heitir Mozart, Verdi, Berlioz, Puccini, Wagner eða Ginastera þá er víst að verk hans hafa hljómað í flutningi Domingos.

„Nú stýttist í að landinn fái að njóta hæfileika hans. Óhætt er að fullyrða að einstök upplifun bíði þeirra sem tónleikana sjá og heyra og eftirvæntingin er einnig mikil í herbúðum Sinfóníuhljómsveitar Íslands,“ segir Sváfnir Sigurðarson kynningarstjóri SÍ.

Plácido Domingo heldur einungis um 10 tónleika á ári en auk hans munu sópransöngkonan Ana María Martínez og Óperukórinn syngja á tónleikum. Hljómsveitarstjóri verður Eugene Kohn.

## TENGLAR

www.domingo.is

## ÞÝSKUNÁMSKEIÐ GOETHE ZENTRUM

GOETHE-  
INSTITUT

www.goethe.is

551 6061



Alfanámskeiðin að hefjast

kynntu þér þau á [www.alfa.is](http://www.alfa.is)

## 30 rúmlesta réttindanáms

Námskeið 24. janúar - 5. mars

Kennsla mánud., miðviku. og fimmtud. kl. 18.00-22.10

Námsfög eru: Siglingafræði og samlíkir, siglingareglur og vélfræði, siglinga- og fiskileitartæki, sjóhæfni, veðurfræði og öryggismál.

Nánari upplýsingar og skráning í síma 522 3300 eða á netfangið [sa@mennta.is](mailto:sa@mennta.is)



Stýrimannaskólinn í Reykjavík



Vélaskóli Íslands



MENNTAFÉLAGIÐ  
Skóli veltækni og siglinga

## Dregið á þriðjudaginn



HAPPRÆTTI  
HÁSKÓLA ÍSLANDS  
vænlegast til vinnings

